


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Stjórnun – MST 104 – fjarnám Kennsluáætlun haustönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Sunna Hlín Jóhannesdóttir sunna@vma.is	Sk.st.	SUN
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fyrst er farið í mannleg samskipti, hvatningu og hópvinnu. Næst fræðast nemendur um starfsmannahald og starfsmannastjórnun, markaðsmál og stjórnun breytinga. Þá er fjallað um framsal valds og greiningu vandamála, markmið og áætlanagerð og loks um ýmsar kenningar í stjórnun. Við skipulag áfangans er haft í huga aðstæður sem stjórnendur standa frammi fyrir: Ákveðnum verkefnum þarf að skila innan tímamarka, en önnur mega dragast án verulegs skaða og nemendur áfangans geta lesið verkefni hinna, eins og verkefni stjórnenda sem flest eru opin fyrir öðrum.


Markmið:

Að nemendur fái innsýn í hlutverk, verksvið og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja einkum á sviði starfsmannastjórnunar og verkstjórnar, fái skilning á sjálfum sér sem stjórnanda og búi sig markvisst undir að geta leyst af hendi stjórnunarstörf í iðnfyrirtæki á fagsviði sínu.

Námsgögn: Vikulegt lesefni á Moodle

Áætlun um yfirferð:

Vika	Lesefni	Dagar	Síðasti skiladagur
1	Mannleg samskipti	8. september - 14. september	2. febrúar
2	Hvatning	15. september - 21. september	9. febrúar
3	Hópvinna	22. september - 28. september	16. febrúar
4	Starfsmannahald	29. september - 5. október	23. febrúar
5	Starfsmannastjórnun	6. október - 12. október	2. mars
6	Markaðsmál	13. október - 19. október	9. mars
7	Stjórnun breytinga	20. október - 26. október	16. mars
8	Framsál valds	27. október - 2. nóvember	23. mars
9	Greining vandamála	3. nóvember - 9. nóvember	30. mars
10	Markmið	10. nóvember - 16. nóvember	6. apríl
11	Áætlanir	17. nóvember - 23. nóvember	23. apríl
12	Stjórnun - ýmsar kenningar	24. nóvember - 30. nóvember	28. apríl

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Stjórnun – MST 104 – fjarnám Kennsluáætlun haustönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Verkefni: Vikuleg verkefnaskil á Moodle

Námsmat og vægi námsþátta:

Metin eru vikuleg verkefnaskil nemenda og svör þeirra við spurningum úr lesefninu. Einkunn fyrir spurningar er gefin í tölustöfum (0-10) en fyrir verkefnaskil er einkunn gefin í bókstöfum. Algengast er að gefin sé einkunnin A sem þýðir að nemandinn hefur lesið efnið og skrifað um það að minnsta kosti 400 orð. Þetta samsvarar einkunn kringum 8. Einkunnirnar A+ eða A* eru gefnar hafi nemandinn greinilega lesið viðbótar efni, vitnað í það eða skrifað framúrskarandi hugleiðingu um efni vikunnar. Bókastafirnir B, C og D eru fyrir lakari skrif og E þýðir að nemandinn hefur ekki svarað í vikunni.

Ef skilað er eftir að síðasti skiladagur er liðinn, þá er aldrei gefin hærri einkunn en B, nema nemandinn hafi fengið frest á verkefnaskilum.

Ekkert lokapróf er í áfanganum.

Nemendur verða að skila að minnsta kosti 10 verkefnum af 12 til að teljast hafa lokið áfanganum.

Í lokaeinkunn gilda vikuleg verkefnaskil 75%, vikulegar spurningar 20% og virkni nemandans 5%.


Einkunn fyrir "Virkni nemenda" er reiknuð út frá eftirfarandi atriðum: Nemandi skráir sig inn í Moodle og kynnir sig í fyrstu námsviku, skilar öllum verkefnum á réttum tíma, setur mynd af sér á kennsluvefinn (Moodle), heldur tölvukerfinu sínu í lagi þannig að ekki komi til tafa á skilum vegna bilana og skilar verkefnum á tilskildum tíma.

Ábyrgð nemenda:

Nemandi í MST104 ber sjálfur ábyrgð á því að tölvukerfið hans sé í það góðu lagi að hann geti lesið námsefnið, tekið þátt í umræðum og svarað spurningum úr námsefninu í hverri viku.

Frestun verkefnaskila:

Þar sem ekkert lokapróf er í áfangunum þá byggist einkunnin á reglulegum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Stjórnun – MST 104 – fjarnám Kennsluáætlun haustönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

verkefnaskilum. Nemendur geta þó fengið frest tvisvar sinnum í 1-3 daga fram yfir síðasta skiladag ef illa stendur á hjá þeim. Til að fá frest á verkefnaskilum án lækkunar í einkunn þurfa nemendur að senda kennaranum bréf um það fyrir síðasta skiladag vikunnar og tilgreina ástæðu fyrir því að þeir geta ekki skilað á réttum tíma.

Málfar og stefsetning:

Í vikulegum verkefnum nemenda er gerð krafa um gott málfar og stafsetningu. Nemendur eru beðnir að vanda bæði stafsetningu og málfar, lesa verkefnið sitt vandlega yfir áður en það er sett á vefinn og leiðrétt allar villur. Þetta atriði er liður í því að búa verðandi stjórnendur undir það að standa frammi fyrir hópi manna og flytja mál sitt á þann hátt að mark verði tekið á því. Það er miklu meira mark tekið á stjórnanda sem talar og skrifar lýtalaust mál heldur en þeim stjórnanda sem lætur frá sér efni sem er uppfyllt af ambögum og klaufalegum villum.

Vikulegar spurningar:

Í hverri viku eru spurningar (próf) í Moodle sem nemendur eiga að svara. Þessar spurningar eru flestar úr námsefni vikunnar en einnig er spurt úr nokkrum atriðum úr kennsluáætluninni og ef til vill ýmsu sem er að gerast eða hefur gerst í þjóðfélaginu. Þessar spurningar er opnar í viku eins og skilabox fyrir verkefnaskil. Það er ekki gerð ^{at} krafa um það að nemendur svari tilteknum fjölda spurninga (prófa) á önninni og spurningarnar eru aldrei opnaðar aftur eftir að þeim hefur verið lokað. Ekki er hægt að fá frest til að svara spurningunum.

Dagsetning: 4.9.14

Sigrún H. Jóhannsdóttir
Undirritun kennara

Katrin Harðardóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

